

32. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 20. október kl. 15:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Björn Ragnarsson, Bogi Nils Bogason og Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Páll Ásgeir Guðmundsson, aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra voru fjarverandi vegna þingstarfa. Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga var fjarverandi.

Auk þess sátu fundinn undir dagskrárlíð 2 Sævar Kristinsson og Steinþór Pálsson frá KPMG og kynntu sviðsmyndagreiningu.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vefsíðu ANR.

Ráðherra fór síðan stuttlega yfir grafalvarlega stöðu greinarinnar í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins sem nú hefur geislað hér á landi frá því um mánaðamótin febrúar/mars.

2. Sviðsmyndagreining KPMG.

Framkvæmdastjóri SF fór yfir aðdraganda þess að ráðist var í sviðsmyndagreininguna. Síðan kynntu fulltrúar KPMG þær fjórar sviðsmyndir sem skoðaðar voru út frá drifkröftum, samkeppnishæfni og hagvexti. Rætt um hvernig hægt væri að hámarka líkur á því að jákvæðar sviðsmyndir með mikilli samkeppnishæfni og eins hröðum bata í hagvexti og hægt er yrðu að veruleika.

3. Önnur mál.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:50